



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

## STARFSLEYFI

fyrir læknaðstofu (Auðnast) að Grensásvegi 50, F2033691, rými 01 0201.

Nafn leyfishafa: Auðnast ehf.

Heimilisfang: Grensásvegur 50, 108 Reykjavíkurborg

Kennitala: 591114-0180

**Gildir frá: 19. mars 2026**

**Gildir til: 19. mars 2038**

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og laga nr. 93/1995 um matvæli þegar um matvæli er að ræða. Leyfishafi skal hlíta ákvæðum framangreindra laga, einnig laga nr. 6/2002 um tóbaksvarnir með síðari breytingum. Einnig ákvæðum annarra laga, reglugerða og starfsleyfisskilyrða sem um starfsemina kunna að gilda.

Leyfið er einnig gefið út með Almennum starfsleyfisskilyrðum fyrir heilbrigðisþjónustu og meðferðarstofnanir.

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi nema nýr rekstraraðili sæki um að leyfið færist yfir á hans nafn.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skylt er að framvísa starfsleyfinu þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess. Starfsleyfi þetta skal hanga uppi á áberandi stað.

Heimilt er að endurskoða starfsleyfi þegar þörf krefur. Leyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld samkvæmt gildandi gjaldskrá.

Reykjavík, 19. mars 2026





## Auðnast ehf.

kt. 591114-0180

Grensásvegi 50

vegna læknastofu í starfstöð fyrirtækisins að Grensásvegi 50.

Málsmeðferð er í samræmi við ákvæði í 9. gr. reglugerðar nr. 903/2024 um hollustuhætti.

|                                                                                                                                          |                                                                                                                                                                                                                   |
|------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| Dags. umsóknar.<br>Sjá kafla 1. hér að neðan.                                                                                            | Umsókn um starfsleyfi barst 02.01.2026.<br>Staðfesting frá byggingafulltrúa kom 03.02.2026                                                                                                                        |
| Rekstraraðili, kt.                                                                                                                       | Auðnast ehf. kt. 591114-0180                                                                                                                                                                                      |
| Heiti fyrirtækis                                                                                                                         | Auðnast                                                                                                                                                                                                           |
| Staðsetning starfsstöðvar,<br>fasteigna- og rýmisnúmer.                                                                                  | Grensásvegur 50, F2033691, 01 0201                                                                                                                                                                                |
| Tegund starfsemi                                                                                                                         | Töluliður 38 í viðauka við reglugerð nr. 903/2024                                                                                                                                                                 |
| Tílefni umsóknar                                                                                                                         | Ný starfsemi.                                                                                                                                                                                                     |
| Staðfesting á samþykki<br>byggingarfulltrúa og<br>samræmi við skipulag. Sjá<br>kafla 2. að neðan.                                        | Staðfesting um notkun húsnæðis frá<br>byggingafulltrúa barst með tölvupósti þann 3.<br>febrúar 2026.                                                                                                              |
| Dags. birtingar auglýsingar,<br>efni tillögunnar, hvar hún<br>var birt og frestur til<br>athugasemda.<br>Sjá kafla 4. hér að neðan.      | Auglýsing var birt þann 4. febrúar 2026. Í tillögunni er<br>lagt til að um starfsemina gildi almenn<br>starfsleyfisskilyrði fyrir heilbrigðisþjónustu og<br>meðferðarstofnanir. Auglýsing var birt á vefsíðu HER. |
| Athugasemdir sem bárust.<br>Hafi athugasemdir borist er<br>gerð grein fyrir þeim í kafla<br>5. hér að neðan.                             | Engar athugasemdir bárust á auglýsingatíma.                                                                                                                                                                       |
| Hafi verið gerðar<br>breytingar á tillögu að<br>starfsleyfi frá auglýstri<br>tillögu er gerð grein fyrir<br>því í kafla 6. hér að neðan. | Engar breytingar voru gerðar á auglýstri tillögu að<br>starfsleyfi.                                                                                                                                               |
| Afgreiðslufundur nr., dags.<br>og afgreiðsla. Sjá kafla 7.<br>hér að neðan.                                                              | Umsóknin var lögð fyrir 1899. afgreiðslufund HER<br>þann 19.03.2026. Samþykkt að veita starfsleyfi til 12<br>ára.                                                                                                 |



## 1. Móttaka á umsókn

Umsókn rekstraraðila um starfsleyfi barst Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur. Umsókn var metin fullnægjandi eftir að staðfesting frá byggingarfulltrúa barst.

## 2. Samræmi við skipulag og heimila notkun húsnæðis

Samkvæmt 8. gr. reglugerðar nr. 903/2024 um hollustuhætti skal rekstraraðili sýna fram á að samþykki byggingarfulltrúa liggi fyrir og starfsemin standist skipulag.

Með umsókninni barst staðfesting byggingarfulltrúa á ofangreindu.

## 3. Opinber auglýsing á starfsleyfistillögu

Skv. ákvæði 9. gr. reglugerðar nr. 903/2024 um hollustuhætti skal útgefandi starfsleyfis auglýsa opinberlega á vefsíðu sinni tillögu að starfsleyfi, þ.e. hvers efnis hún er og hvar megi nálgast tillöguna. Heimilt er að gera skriflegar athugasemdir við tillögu útgefanda að starfsleyfi innan fjögurra vikna frá auglýsingu.

Tillaga að starfsleyfi er auglýst á heimasíðu heilbrigðiseftirlitsins <https://reykjavik.is/starfsleyfi-i-auglyssingu-samkvaemt-reglugerd-nr-9032024>.

## 4. Athugasemdir sem bárust á auglýsingatíma

Engar athugasemdir bárust við auglýsta tillögu að starfsleyfi.

## 5. Breytingar á tillögu að starfsleyfi

Engar breytingar voru gerðar á tillögu að starfsleyfi frá auglýstri tillögu.

## 6. Ákvörðun Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um útgáfu starfsleyfis (ákvörðun heilbrigðisnefndar Reykjavíkur ef lagt fyrir nefndina).

Í samræmi við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar, nr. 1020/2019, nánar tiltekið viðauka 2.2 sem fjallar um embættisfærslur framkvæmdastjóra Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkurborgar, var ofangreind starfsleyfisumsókn lögð fyrir afgreiðslufund Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur.



## 7. Kæruleið og kærufrestur

Samkvæmt 1. mgr. 65. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, er heimilt að vísa ákvörðun heilbrigðisnefndar í máli þessu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála fer skv. lögum nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Kæra til úrskurðarnefndarinnar frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunarinnar, sbr. 5. gr. ofangreindra laga. Frestur til að vísa málinu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála er einn mánuður frá því kæranda varð kunnugt eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina. Kæra skal vera skrifleg og undirrituð.

*2. september 2026, Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur*

*Guðlaug Gylfadóttir*